

fjelagsins til samþykktar. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið, og öll gjöld hvers árs fallin í gjalddaga í lok þess. **90**
28. sept.

6. gr.

Taki ábúendur einhverrar jarðarinnar fjenað til geymslu skal greitt af honum tvöfalt gjald móti gjaldskyldum fjenaði fjelagsmanna, hvort sem fjenaðurinn er lengur eða skemur.

7. gr.

Allur fjallskilaskyldur fjenaður skal rekast til afrjettar að vorinu, svo fljótt, sem hægt er, og er engum heimilt að hafa ótamin hross önnur en söluhross innan girðingarinnar, eftir að stjórnin telur fært að reka til afrjettar, og hefir tilkynt mönnum að reka.

Samþykkt þessi, staðfestist hjermeð samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

fyrir

girðingafjellag Ystutungu Stafholtstungnahrepps.

91
15. okt.

1. gr.

Garður hlaðinn úr hraungrjóti skal vera eftir hraunbrúninni frá Norðurá að brúnni á Hrauná; þaðan skal vera vírnetsgirðing með gaddavír ofan á sunnan við Norðurárdalsbrautina þar til skamt fyrir norðan merki milli Munaðarness og Hauga og þaðan til Norðurár. Ennfremur má leggja vírgirðingu milli Munaðarness og Stóru-Grafar.

2. gr.

Girðing þessi er gjörð til nota fyrir ábúendur jarðanna Laxfoss, Litla-Skarð, Grafarkot, Stóru-Gröf og Munaðarnes og bera þeir allan kostnað af

91 henni. Skiftist kostnaðurinn árlega eftir þeirri vegalengd, sem vírnetsgirðing-
15. okt. ingin er á landi hverrar jarðar fyrir sig. Hraungarðinn skal hlaða upp og viðhalda með sameiginlegri vinnu hlutaðeigandi manna.

3. gr.

Skyldur er hver ábúandi á girðingarsvæðinu að vinna að byggingu og viðhaldi á girðingunni, þegar hann er krafinn um það, gegn endurgjaldi úr fjelagssjóði.

Verði einhver uppvís að því að spilla girðingunni af ásettu ráði, eða vítaverðri vangá, skal hann bæta spjöllin. Verði ábúendaskifti á jörðum þessum, hvílir viðhaldsskyldan á þeim, er við tekur. Ennfremur eru allir ábúendur á fjelagssvæðinu sameiginlega ábyrgðarskyldir á því láni, er kann að verða tekið til girðingarinnar, eins þó að ábúendaskifti verði.

4. gr.

Girðingarfjelagar, það eru allir ábúendur á girðingarsvæðinu, halda aðalfund í maí ár hvert. Á þeim fundi kjósa þeir formann fyrir fjelagið fyrir 1 ár í senn, skifta hinum árlega kostnaði eftir fyrsögðum reglum og gera aðrar þær ályktanir, er girðinguna varða og nauðsynlegar þykja. Formaður innheimtir gjöld þau, sem jafnað er niður og annast um greiðslur fyrir fjelagsins hönd. Leggur hann fram reikningsskil á aðalfundi til úrskurðar.

Formaður hefir eftirlit með, að girðingin sje jafnan í fullu standi og kallar fjelagsmenn til vinnu þegar þurfa þykir, samkv. 3. gr.

5. gr.

Öllum er skylt að fylgja stranglega fyrirmælum reglugjörðar Mýrasýslu um fjallskil, að því er snertir rekstur áfrjettarpenings úr heimahögum.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefndin í Stafholtstungnahreppi hefir samíð og samþykkt samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson,